



**Bekkur:** 5.bekkur

**Námsgrein:** Heimilisfræði

**Kennarar:** Ingibjörg Hólm Einarsdóttir

**Tímafjöldi:** 14x2 kennslustundir

**Námsgögn:** Gott og gagnlegt 1, efni frá kennara, efni af ýmsum netsíðum, áhöld, búnaður og hráefni í kennslueldhúsi

## Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

*Tjáning og miðlun – Skapandi og gagnrýnin hugsun – sjálfstæði og samvinnu - Nýtingu miðla og upplýsinga – Ábyrgð og mat á eigin námi.*

## Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex:

Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun.

Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

## Hæfniviðmið:

### Nemandi

- ✓ Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum
- ✓ Fer eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- ✓ Matreiðir einfaldar og hollar máltíðir og nýtir hráefnið sem best
- ✓ Leggur á borð og gengur frá eftir máltíð
- ✓ Þekkir helstu umhverfismerki og merkingu þeirra
- ✓ Þekkir heiti helstu næringarefna og tengir við fæðuflokka
- ✓ Tekur þátt í umræðum, undirbúningi og vinnu við gestaboð
- ✓ Vinnur í hóp
- ✓ Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum
- ✓ Kemur fram af virðingu og kurteisi

**Lokanámsmat:** hæfniviðmið metin. Matskvarði: hæfni náð, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Í öllum tímum er lögð áhersla á vinnubrögð, samvinnu og þrif. Einnig er umhverfisvernd tengd daglegu starfi, s.s. að forðast matarsóun, flokkun á heimilissorpi og að ganga vel um vinnusvæðið.

Birt með fyrirvara um breytingar á efni og röð verkefna.



Kennsluáætlun - birt með fyrirvara um breytingar á efni og röð verkefna

Verkefni	Viðfangsefni	Námsefni	Mat
Verkefni 1	Tekið á móti nemendum, rifjaðar upp vinnureglur, bakað gróft lyftiduftsbrauð – 2-3 saman, áhersla á uppþott og frágang.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 2	Ávaxtasalat með vanillusósu – 3-4 nem. saman.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 3	<b>Bóklegur tími</b> – verkefni um helstu næringarefni, 6H heilsunnar og ávexti og grænmeti.	Bók og verkefni.	Símat
Verkefni 4	Pítubrauð - 3-4 nem. saman.	Efni frá kennara, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 5	<b>Bóklegur tími</b> – kynning á gestaboði og dregið í hlutverk - umhverfisfræðsla - verkefni og fræðslumyndir.	Bók, verkefni og efni af netinu.	Símat
Verkefni 6	Eggjakaka í ofni og hvítlauksbrauð – 3-4 nem. saman.	Bók, búnaður og hráefni .	Símat
Verkefni 7	Vöfflur – 3-4 nem saman.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 8	Pizza – einstaklingsvinna.	Efni frá kennara, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 9	<b>Bakstur og æfing fyrir boð</b> : pizzasnúðar og brauðbollur.	Efni frá kennara , búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 10	<b>Bakstur og æfing fyrir boð</b> : kökubakstur og konfekt.	Efni frá kennara, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 11	<b>Undirbúningur fyrir boð</b> – fönraðar kertakrúkkur, nemendur koma með litla glerkrukku að heiman og skreyta, servéttubrot, atriði og hlutverk æfð.	Efni að heiman og efni frá kennara.	Símat
Verkefni 12	Lokaæfing og farið yfir öll atriði fyrir boðið.	Búnaður og efni frá kennara.	Símat
Verkefni 13	<b>Foreldrabóð</b> :nemendur taka á móti gestum og reiða fram fyrirfram undirbúnar veitingar.	Efni frá kennara, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 14	Smákökur 2-3 nem.saman.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat